

11. gr.

Jarðir, sem eru í eigu Jarðeignasjóðs og ekki eru nýttar samkv. 9. gr., skulu ekki teljast gjaldstofn fyrir opinberum sköttum og gjöldum, hverju nafni sem nefnast, sbr. þó 10. gr.

Skylt er Jarðeignasjóði að taka þátt í fjallskilakostnaði vegna jarða í fámennum hreppum með erfið fjallskil.

12. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga getur landbúnaðarráðherra sett með reglugerð.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 92 frá 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins. Eignir Jarðakaupasjóðs, aðrar en jarðir, renna til Jarðeignasjóðs ríkisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1967.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Neshreppi utan Ennis jarðirnar Keflavík innri, Keflavík ytri, Dyngju, Klettsbúð, Munaðarhól, Kjalveg, Þæfustein, Ásgrimsbúð og Hallsbæ og að selja eiganda nýbýlisins Leifsstaða í Öxarfjarðarhreppi eyðijörðina Lækjardal í sama hreppi fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.